

## 22. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

### kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

8. apríl 2022 kl. 14.00

#### FJARFUNDUR

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri, Edda Margrét S. Arndal, fulltrúi foreldraráðs og Brynja S. Pálsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

#### DAGSKRÁ:

1. Skólasterfið undanfarið og næstu verkefni.
2. Framkvæmdaáætlun inni og úti – minnisblað frá leikskólastjóra.
3. Skóladagatal (drög) – áherslubreytingar og stefnumótun skólasterfins.

Formaður bauð fundarfólk velkomið á fundinn og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrá.

#### 1. Skólasterfið undanfarið og næstu verkefni.

Leikskólastjóri fór yfir starfsemi leikskólans að undanfögnu.

Frá febrúar hefur einu sinni þurft að nýta faliðunarstefnu og senda börn heim. Veður hefur líka sett strik í reikninginn. Veikindi hafa verið mikil, en nú sér vonandi fyrir endann á því. Unnið er með heilsuefningu í leikskólanum sem vonandi skilar sér í færri fjarvistum, t.d. vegna veikinda.

Hápunkturinn var 40 ára afmæli leikskólans sem haldinn var 6. apríl sl. Leikskólinn var skreyttur og boðið upp á gómsættar kræsingar. Góð mæting var á þessum tímamótum og stemmningin góð. Leikskólinn fékk góða gjöf frá afkomaendum Önnu Mary, sem var ein af stofnendum leikskólans.

Skólanefnd óskar Undralandi og starfsfólki hans í gegnum tíðina allt til dagsins í dag, innilega til hamingju með þessi tímamót. Sagan sýnir okkur að það þarf mikinn vilja og þrautsegu til að koma starfsemi sem þessari á fót.

Starfsdagur var þann 5. apríl undir heitinu „Leikskóli fyrir alla“.

Leikskólinn er ágætlega mannaður fram að sumarlokun, þ.e. svo lengi sem ekki verði mikil veikindi í starfsmannahópnum. Miðað við umsóknir um skólavist í ágúst, virðist vanta 6 starfsmenn.

Leikskólastjóri fór yfir helstu atriði sem kunna að skýra þann vanda sem uppi er í mörgum leikskólum að fá fagmenntað fólk til starfa, t.d. þrengri starfsmannaaðstaða, skemmri faglegru vinnutími, lægri laun, minna orlof/frí. Þar sem sama leyfisbréf gildir fyrir grunn- og leikskólakennara er vandinn sá að minna er

um umsóknir um starf í leikskóla, en þeim mun meira í grunnskólunum. Vinna þurfi að meiri samræmingu í skipulagi, t.d. skóladagatali, á milli skólastiganna og að jafna launamuninn.

Ýmislegt sé hægt að gera til að bæta vinnuaðstöðuna í leikskólanum og fór leikskólastjóri yfir nokkur atriði varðandi það, t.d. er búið að bæta aðstöðuna á kaffistofunni.

## 2. Framkvæmdaáætlun inni og úti

Leikskólastjóri lagði fram minnisblað um málið. Í því koma fram áherslur til úrbóta í leikskólanum, bæði innandyra og utan til næstu 3ja ára.

Rætt var um fatahengi fyrir starfsmenn, munaskápar fyrir alla, skóhirslur og fleira. Færa þarf munaskáp starfsmanna á hentugri stað. Laga þarf aðstöðuna í Skrautásnum, t.d. hvað varðar hillur og þess háttar.

Hvað varðar útsvæðið var rætt um að skipta um sand í sandkössum, laga hellur og undirlag við rólur og vegg/hliðar á pall fyrir vagna.

Einnig kom fram ósk um að laga skiptiaðstöðu á Völuhól og Stekkhól og kaupa góð og viðurkennd sóltjöld inn á deildir.

Fleiri atriði voru rædd sem koma fram í minnisblaði leikskólastjóra.

Skólanefnd þakkar fyrir framlagða framkvæmdaáætlun og felur leikskólastjóra að fylgja henni eftir í samræmi við fjárhagsáætlun leikskólans á hverjum tíma.

## 3. Skóladagatal

Formaður fór yfir skóladagatal Undralands fyrir næsta skólaár 2022 - 2023, en dagatalið var til umræðu á síðsta fundi nefndarinnar.

Í því er leitast við að samræma það við skóladagatal Flúðaskóla, m.a. til að samræma frí hjá börnum.

Skólanefnd samþykkir að óska eftir umræðu í foreldrahópi leikskólans um dagatalið áður en lengra er haldið. Dagatalið verður síðan tekið til afgreiðslu á næsta fundi.

Áður fundi var slitið lýsti skólanefnd yfir mikilli ánægju með ráðningu Ingveldar í stöðu leikskólastjóra og óskar henni velfarnaðar í starfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30. Næsti fundur ákveðinn síðar.